



FUNDARGERÐ STJÓRNAR BYGGÐASAFNS ÁRNESINGA

5. fundur stjórnar Byggðasafns Árnesinga var haldinn föstudaginn 22. febrúar 2019 og hófst kl. 16,30. Fundurinn var haldinn í þjónustuhúsi safnsins að Hafnarbrú 3 á Eyrarbakka. Mætt voru Árni Eiríksson, Eggert Valur Guðmundsson og Bryndís Eir Þorsteinsdóttir. Lýður Pálsson safnstjóri var þar einnig og skrifaði fundargerð. Fundargerðin var skráð í tölvu.

1. **Ástandskoðun á Búðarstíg 22, Alpan-húsinu.** Kynnt var ástandskoðun á Búðarstíg 22 sem Verkfræðistofan Efla gerði fyrir Héraðsnefnd Árnesinga í janúar. Þar er rækilega farið yfir hvað þarf að gera byggingunni til að það hæfi til safnrekstrar. Jafnframt var kynnt bréf safnstjóra til Héraðsnefndar Árnesinga sem viðbrögð við ástandskoðuninni og er þar lagt til að Alpan-skemman yrði keypt í þágu safnsins.
2. **Fundargerð Héraðsnefndar Árnesinga 11. febrúar 2019.** Fundargerð lögð fram til kynningar. Ályktun fundarins hljóðar svo: „Aukafundur Héraðsnefndar Árnesinga, haldinn í Húsinu á Eyrarbakka 11. febrúar 2019, samþykkir að veita framkvæmdastjórn heimild til að bjóða í Búðarstíg 22 (Alpan-húsið) í samræmi við umræður á fundinum og bjóða seljendum að Hafnarbrú 3 gangi upp í kaupverðið. Fundurinn samþykkir einnig að ráðist verði í endurbætur á stærstu skemmu hússins með það fyrir augum að leysa megi geymsluvanda byggðasafnsins. Ljóst er að ráðast þarf í endurbætur á skemmunni og er framkvæmdastjórn falið að leggja fram gögn um nauðsynlegar endurbætur um leið og sveitarfélögum verður sent erindi þar sem óskað verður samþykkis þeirra á kaupunum, endurbótum og þeim lánskuldbindingum sem þeim fylgja.“
3. **Kauptilboð héraðsnefndar í Búðarstíg 22.** Kynnt var undirritað kauptilboð ds. 19. febrúar 2019. Alpan ehf samþykkir kauptilboð Héraðsnefndar Árnesinga í Búðarstíg 22. Kauptilboðið er með fyrirvara um samþykki aðildarsveitarfélaga fyrir kaupunum auk heimildar til lántöku bæði til kaupa á húsinu og standsetningar þess til að safnið geti tekið það í notkun. Hafnarbrú 3 er hluti greiðslu en nýir eigendur fá það afhent 1. janúar 2020 og þá tekur við leigusamningur til eins árs til að byrja með. Stjórn Byggðasafns Árnesinga lýsir yfir ánægju með þróun málsins og hvetur sveitarstjórnir til að samþykkja kauptilboðið og lántökuna og leysa þannig margra ára geymsluvanda safnsins.
4. **Geymsla fyrir Þjóðminjasafn Íslands.** Þjóðminjasafn Íslands hefur lýst áhuga á að leigja helming Alpan-skemmunnar til langs tíma. Safnstjóri greindi frá viðræðum sínum við safnið.
5. **Bréf til Mennta- og menningarmálaráðuneytis.** Safnstjóri kynnti drög að bréfi til Mennta- og menningarmálaráðuneytis um styrk til kaupa á safnhúsnæði. Bréfið verður tekið fyrir aftur á næsta fundi.
6. **Fjárhagsleg staða safnsins.** Byggðasafn Árnesinga tók yfirdráttarheimild í Íslandsbanka í nóvember að upphæð 2.000.000 kr. Staða aðalreiknings hefur ekki batnað eftir það og er ljóst að heimildina verður að nýta langt fram á þetta ár. Safnstjóri hefur áhyggjur af lausafjárstöðu safnsins en reynt er að knepra í öllum rekstri og fresta fjárútlátum. Framundan eru kostnaðarsamar viðhaldframkvæmdir sem gert er ráð fyrir í rekstraráætlun 2019.
7. **Önnur mál.**
 - a. Stjórnin felur safnstjóra að skrifa HS-veitum bréf þar sem óskað yrði eftir að rafmagnskassi, sem stendur utan í gamla sjóvarnargarðinum fyrir framan Húsið á Eyrarbakka, verði færður frá garðinum á hentugri stað.
 - b. Erindisbréf stjórnar Byggðasafns Árnesinga, undirritað af formanni Héraðsnefndar Árnesinga 19. október var kynnt.
 - c. Safnstjóri kynnti Stefnumótun Byggðasafns Árnesinga 2016-2020.
 - d. Safnstjóri kynnti að bókhaldsgögn 2018 væru öll komin til bókara og væntanlega þaðan til endurskoðanda sem gerir ársreikning. Ársskýrsla er í vinnslu.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð lesin upp, undirrituð og fundi slitið kl. 17,40.

Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Bryndís Eir Þorsteinsdóttir
Lýður Pálsson

Lýður Pálsson